

6. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og samþykkt af sveitarstjórn Reykdælahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 5. október 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Bolungarvík.

1. gr.

Bolungarvíkurkaupstaður annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) og hreinsun opinna svæða í Bolungarvík samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn tæknideildar Bolungarvíkur og eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphreinsun almenns sorps samkvæmt samningi við Bolungarvíkurbæ skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Bolungarvík er skylt að nota þær aðferðir og flát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Húsráðendur skulu halda sorpílátum hreinum, hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett un flokkun úrgangs, sbr. 3. grein. Ekki má setja í sorpílát mold, grjót, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

6. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Bæjarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd hversu oft sorphreinsun fer fram á vegum bæjarfélagsins. Flokkaðan úrgang er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að úrgangur verði fjarlægður oftari bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarheinsunum.

7. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum úrgangi en heimilissorpi skal skila í gámastöð eða geymslusvæði sem bæjaryfirvöld tilgreina. Jarðvegsefnum skal komið fyrir á sérstökum losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

8. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um sorphirðu, en greiða fyrir förgun til sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá, skipti þau við sveitarfélagið. Frágangur og umgengni um sorphlát svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðu- og sorpeyðingagjöld á vegum bæjarins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuvernd og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Bolungarvíkurbær lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu á vegum Bolungarvíkurbæjar skal bera upp við starfsmenn áhaldahúss bæjarins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá bæjaryfirvöldum, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

12. gr.

Ekki má henda rusli, garðaúrgangi eða sorpi á opin svæði, götur, gangstíga eða fjörur innan bæjarmarkanna, eða skilja þar eftir númerslausa bíla, vélar og önnur tæki. Starfsmenn áhaldahúss Bolungarvíkurbæjar hafa í umboði heilbrigðisnefndar, eftirlit með því að hlutir séu ekki geymdir þannig að í bága fari við reglugerðir settar með stoð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta á t.d. við um númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, báta, tæki eða vinnuvélar. Þeim er heimilt að fjarlægja slíka hluti að undangenginni viðvörun sem límd hefur verið á tækið. Ákvörðun þar að lútandi er heimilt að skjóta til heilbrigðisnefndar.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

14. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Bolungarvíkur, er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. október 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988 - 2008, Skeiðahreppur.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 1. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008 frá 14. febrúar 1990.

Breytingin felst í því að reitur S1 opinberar stofnanir (skóli, félagsheimili) verður reitur fyrir skóla, félagsheimili og leikskóla.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skeiðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Margrétar Leósdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Margrétar Leósdóttur. Heimili og varnarþing hans er í Ísafjarðarbæ.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Margréti Leósdóttur, Hafnarstræti 7, Ísafirði, sem andaðist 11. ágúst 1998. Stofnandi sjóðsins er eftirlifandi eiginmaður Margrétar, Jóhann Júlíusson, Hafnarstræti 7, Ísafirði og leggur hann fram kr. 500.000 sem stofnfé sjóðsins. Tekjur sjóðsins til framtíðar verða gjafafé, frjáls framlög, andvirði minningarspjalda, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en kr. 500.000 að raungildi miðað við vísitölu neysluverðs í júnímánuði 1999.